
| | | | |
|----------------|------------|---|---|
| | I | EES-STOFNANIR | |
| | 1. | Sameiginlega EES-nefndin | |
| | II | EFTA-STOFNANIR | |
| | 1. | Fastanefnd EFTA-ríkjanna | |
| | 2. | Eftirlitsstofnun EFTA | |
| 2020/EES/53/01 | | Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 043/20/COL | 1 |
| | 3. | EFTA-dómstóllinn | |
| | III | ESB-STOFNANIR | |
| | 1. | Framkvæmdastjórnin | |
| 2020/EES/53/02 | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9572 – BMW/Daimler/Ford/Porsche/Hyundai/Kia/IONITY) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 2 |
| 2020/EES/53/03 | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9877 – Pro Diagnostic Group/FutureLife/DISCARE CZ JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 4 |
| 2020/EES/53/04 | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9878 – Total/EDP Comercializadora) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 5 |
| 2020/EES/53/05 | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9891 – Hayfin Capital Management/Frans Bonhomme Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 6 |
| 2020/EES/53/06 | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9898 – Archer-Daniels-Midland/Marfrig Global Foods/Plantplus Foods) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 7 |
| 2020/EES/53/07 | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9912 – Genstar/TA/Brinker) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 8 |

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum**2020/EES/53/01**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

| | |
|--|---|
| Dagsetning ákvörðunar | 27. apríl 2020 |
| Málsnúmer | 85071 |
| Ákvörðun nr. | 043/20/COL |
| EFTA-ríki | Noregur |
| Titill | COVID-19-styrkjakerfi fyrir vistkerfi nýsköpunar |
| Lagastoð | Bréf um viðbótarfjárhéimildir 2020 frá viðskipta-, iðnaðar- og sjávarútvegsráðuneytinu, dags. 5. apríl 2020, og leiðbeiningarreglur vegna styrkja til nýsköpunarumhverfis (MNOK50) dags. 23. apríl 2020 |
| Tegund aðstoðar | Aðstoðarkerfi |
| Markmið | Aðgangur að lausafé fyrir fyrirtæki í vistkerfi nýsköpunar sem skyndilega standa frammi fyrir lausafjárskorti vegna áhrifa COVID-19 faraldursins á efnahagslífið, með beinum styrkjum |
| Aðstoðarform | Styrkir |
| Fjárveiting | 50 milljónir NOK, áætlað |
| Gildistími | 27. apríl 2020 – 31. desember 2020 |
| Atvinnugreinar | Sprotafyrirtæki |
| Heiti og póstáritun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð | Innovation Norway Akersgata 13, 0104 Oslo, Norway |

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/>.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/53/02

(mál M.9572 – BMW/Daimler/Ford/Porsche/Hyundai/Kia/IONITY)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- BMW AG („BMW“, Þýskalandi).
- Daimler AG („Daimler“, Þýskalandi).
- Ford Motor Company („Ford“, Bandaríkjunum).
- Dr. Ing. h.c. F. Porsche Aktiengesellschaft („Porsche“, Þýskalandi). Porsche er hluti af Volkswagen-samsteypunni.
- Hyundai Motor Company („Hyundai“, Suður-Kóreu), sem er óbeint undir yfirráðum Kia Motor Corporation („Kia“, Suður-Kóreu). Hyundai og Kia (einu nafni „Hyundai“), sem bæði tilheyra Hyundai Motor Group (Suður-Kóreu).

BMW, Daimler, Ford, Porsche og Hyundai fá í sameiningu yfirráð í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir IONITY Holding GmbH & Co. KG („IONITY“, Þýskalandi), nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki sem er með fulla starfsemi, stofnað 2017 af hálfu BMW, Daimler, Ford og Porsche.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - BMW: starfar um allan heim á sviði þróunar, framleiðslu og markaðssetningar á fólksbifreiðum og mótörhjólum. BMW og hlutdeildarfélag þess veita einnig einkaaðilum og viðskiptavinum í fyrirtækjageiranum fjármálaþjónustu.
 - Daimler: starfar um allan heim á sviði þróunar, framleiðslu og markaðssetningar á fólksbifreiðum og atvinnuökutækjum. Veitir fjármálaþjónustu innan ökutækjageirans, þ.m.t. þjónustu á sviði fjármögnunar, kaupleigu, trygginga og rekstrarþjónustu, tengd ökutækjaflota.
 - Ford: starfar um allan heim á sviði þróunar, framleiðslu og dreifingar á fólksbifreiðum og atvinnuökutækjum og veitir tengda fjármálaþjónustu og ýmsa möguleika á kaupleigu.
 - Porsche: starfar um allan heim á sviði hönnunar, framleiðslu og dreifingar á lúxussportbílum, jepplingum og stallbököm. Porsche er hluti af Volkswagen Group. Starfsemi Volkswagen Group felur í sér hönnun, framleiðslu, sölu og dreifingu á fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum, vörubifreiðum, strætisvögnum, mótörhjólum og varahlutum sem og tengda fjármála-, trygginga- og bankaþjónustu.
 - Hyundai: starfar um allan heim á sviði framleiðslu mótörhjóna. Hyundai býður einnig upp á fjármálaþjónustu fyrir tilstuðlan dótturfyrirtækis síns Hyundai Capital Services Inc. Hyundai og Kia framleiða aðallega mótörhjól í Suður-Kóreu og dreifa þeim um allan heim. Hyundai Capital Services Inc. styður aðallega við sölu á ökutækjum fyrir tilstuðlan fjármálaþjónustu sem boðið er upp á í Kanada, Kína, Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum.
 - IONITY: starfar um alla Evrópu við að setja upp, reka og viðhalda orkumiklu grunnvirki fyrir hleðslu rafbíla sem er opið öllum og staðsett við hraðbrautir og stofnvegi í Evrópu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 266, 14.8.2020). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9572 – BMW/Daimler/Ford/Porsche/Hyundai/Kia/IONITY

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/53/03****(mál M.9877 – Pro Diagnostic Group/FutureLife/DISCARE CZ JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Pro Diagnostic Group, a.s („PDG“, Slóvakía), sem er undir yfirráðum Ribera Salud Infraestructuras, S.L.U. (Spáni) og Pro Partners Holding, a.s. (Slóvakíu).
- FutureLife a.s. („FutureLife“, Tékklandi), sem er endanlega undir yfirráðum Mr. Zbyněk Průša.
- DISCARE a.s. („JV“, Tékklandi), sem er, sem stendur, alfarið undir yfirráðum PDG.

PDG og FutureLife ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir hinu sameiginlega félagi (JV).

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- PDG: starfrækir 12 myndgreiningarmiðstöðvar innan einkarekinna heilsugæslustöðva í Slóvakíu þar sem boðið er upp á rannsóknarþjónustu á sviði segulómunar („MRI“), röntgengeislunar („RTG“), tölvusneiðmyndatöku („CT“)/jáeindaskanna („PET“) og ómskoðunar („USG“).
- FutureLife: veitir heilbrigðisþjónustu og starfrækir rannsóknarstofur. Fyrirtækjasamsteypan FutureLife group starfrækir einkum heilsugæslustöðvar sem bjóða upp á þjónustu við glasafjrjógvun í mið-Evrópu. Sum fyrirtæki samsteypunnar starfrækja einnig heilsugæslustöðvar fyrir göngudeildar- og innlagnarsjúklinga sem sérhæfa sig m.a. í liðagigtarsjúkdómum, karlsjúkdómalækningum, æðaskurðlækningum, meltingarfæralækningum, þvagfæralækningum, meðhöndlun á svæðisgarnabólgu (Crohn's disease) og öðrum garnabólgujúkdómum sem og lýtalækningum.
- JV: mun starfrækja myndgreiningarmiðstöð á sviði röntgengeislunar og segulómunar í Prag.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 261, 10.8.2020). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9877 – Pro Diagnostic Group/FutureLife/DISCARE CZ JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/53/04

(mál M.9878 – Total/EDP Comercializadora)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Total S.A. („Total“, Frakklandi).
- EDP Comercializadora („EDP-C“, Spáni).

TOTAL nær eitt yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir EDP-C.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Total S.A.: alþjóðlega samþættur framleiðandi og seljandi orku með starfsemi í öllum greinum olíu- og gasgeirans, auk endurnýjanlegrar orku og orkuframleiðslu.
- EDP-C: eignir á sviði varmaorku auk veitufyrirtækja á sviði raforku og gass sem og önnur tengd þjónusta, m.a. raforka til i. lítilla iðnaðar- og viðskiptaaðila, ii. lítilla fagaðila í viðskiptum og iii. viðskiptavina sem kaupa til heimilisnota með möguleika á að velja rafveitufyrirtæki auk smásölu gass til i. lítilla iðnaðar- og viðskiptaaðila og ii. viðskiptavina sem kaupa til heimilisnota með möguleika á að velja rafveitufyrirtæki.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 266, 14.8.2020). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9878 – Total/EDP Comercializadora

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9891 – Hayfin Capital Management/Frans Bonhomme Group)
Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

2020/EES/53/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Hayfin Capital Management LLP („Hayfin“, Bretlandi), sem er undir yfirráðum British Columbia Investment Management Corporation („BCI“, Kanada).
- Frans Bonhomme Group („Frans Bonhomme“, Frakklandi).

Hayfin nær yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Frans Bonhomme

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Hayfin: veitir fyrirtækjum lánalausnir og viðskiptavinum stofnana eignastýringarþjónustu.
- Frans Bonhomme: dreifir kerfislausnum (efnivið í vatns-, hreinlætis-, regnvatnskerfi o.s.frv.) og rorum til opinberrar byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar og til byggingafyrirtækja.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 263, 11.8.2020). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9891 – Hayfin Capital Management/Frans Bonhomme Group

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbreffi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9898 – Archer-Daniels-Midland/Marfrig Global Foods/Plantplus Foods)

2020/EES/53/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Archer-Daniels-Midland Company („ADM“, Bandaríkjunum), opinbert fyrirtæki.
- Marfrig Global Foods S.A („Marfrig“, Brasilíu).
- PlantPlus Food LLC („PlantPlus Food“, Bandaríkjunum), sem er undir yfirráðum ADM og Marfrig.

ADM og Marfrig ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir PlantPlus Food.

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- ADM: vinnsla á olíufræjum, maís, sykri, hveiti og öðrum landbúnaðarvörum og framleiðsla á jurtaolíu og -fitu, jurtaþróteini, mjóli, sætuefnum, hveiti, lífdísil, etanóli og öðrum virðisaukandi fæðu- og fódurefnum. ADM hefur starfsemi um allan heim.
- Marfrig: framleiðir nautakjöt og nautakjötskæfu. Fyrirtækið er leiðandi framleiðandi um allan heim á tilbúnum kjötvörum, t.d. á niðursoðnu nautakjöti, þurrkuðu nautakjöti, pylsum og plastpokum undir matvæli.
- PlantPlus Food: þróar, framleiðir og selur tilbúin matvæli úr jurtaþróteini sem eiga að líkjast nautakjöti, svínakjöti og kjúklingi.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 264, 12.8.2020). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9898 – Archer-Daniels-Midland/Marfrig Global Foods/Plantplus Foods

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/53/07****(mál M.9912 – Genstar/TA/Brinker)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Genstar Capital Partners, LLC („Genstar“, Bandaríkjunum).
- TA Associates Cayman, Ltd. („TA“, Bandaríkjunum), sem tilheyrir TA Associates Group.
- Brinker Capital Holdings, Inc. („Brinker“, Bandaríkjunum), sem er alfarið undir yfirráðum eins aðila.
- Orion Advisor Solutions, LLC („Orion“, Bandaríkjunum), sem er alfarið undir yfirráðum TA Associates.

Genstar og TA ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir Brinker og Orion.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Genstar: framtakssjóður sem starfar við eignastýringu og fjárfestingar innan valinna sviða fjármálaþjónustu, heilbrigðisþjónustu, iðnaðar og hugbúnaðarframleiðslu.
- TA: framtakssjóður sem fjárfestir innan valinna sviða atvinnugreina, þ.m.t. þjónusta við atvinnurekstur, neytendamarkaður, fjármálaþjónusta, heilbrigðisþjónusta og tækni.
- Brinker: fjárfestingarfyrirtæki sem býður upp á útviðstaða fjárfestingarstýringu og stoðþjónustu við fjármálaráðgjafa í Bandaríkjunum, einkum á sviði tryggingarmiðlunar.
- Orion: veitir viðskiptavinum í Bandaríkjunum tækniráðgjöf og eignastýringarþjónustu.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB (C 261, 10.8.2020). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9912 – Genstar/TA/Brinker

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjttíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.